# Aðalfundur Keflavíkur

## íþrótta- og ungmennafélags

## 2023

### Skýrsla og reikningar

### Miðvikudaginn 15. febrúar kl. 19:00

**Efnisyfirlit**

**Efnisyfirlit** .......... 2
**Dagskrá** .......... 4
**1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2022-2023** .......... 5
1.1 Aðalstjórn, verkaskipting .......... 5
**2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar** .......... 5
2.1 Ritnefnd .......... 5
2.2 Laganefnd .......... 5
2.3 Húsnefnd .......... 5
2.4 Umhverfisnefnd .......... 5
2.5 Innra starf félagsins .......... 5
**3.0 Störf aðalstjórnar** .......... 6
3.1 Frá síðasta aðalfundi .......... 6
3.2 Stjórnarfundir .......... 6
3.3 Af störfum aðalstjórnar .......... 6
3.4 Viðurkenningar veittar á aðalfundum deilda .......... 6
3.5 Ábyrgð aðalstjórnar gagnvart deildum félagsins .......... 6
3.6 Útgáfumál .......... 7
3.7 Íþróttastjóri félagsins .......... 7
3.8 Framkvæmdarstjóri félagsins .......... 7
**4.0 Félagsheimili Keflavíkur** .......... 7
**5.0 Samskiptaráðgjafinn í íþrótta- og æskulýðsstarfi** .......... 7
**6.0 Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ** .......... 7
**7.0 Landsmót UMFÍ** .......... 7
7.1 Íþróttaveisla UMFÍ 2022 .......... 7
7.2 Landsmót UMFÍ 50+ í Borgarnesi 24.-26. Júní 2022 .......... 8
7.3 Unglingalandsmót UMFÍ Selfossi 29 júlí. – 1. ágúst. 2022 .......... 8
**8.0 Bæjaryfirvöld** .......... 8
**Lokaorð** .......... 8
**9.0 Íþróttakarl- og kona Keflavíkur og Íslandsmeistarar Keflavíkur 2022** .......... 9
9.1 Íþróttakona Keflavíkur 2022 .......... 9
9.2 Íþróttakarl Keflavíkur 2022 .......... 9
9.3 Íþróttakarl- og kona deilda Keflavíkur 2022 .......... 10
9.4 Íslandsmeistarar Keflavíkur 2022 .......... 10
**10.0 Starfsbikar Keflavíkur 2021** .......... 10
**11.0 Starfsmerki.** .......... 11
11.1 Gullmerki .......... 11
11.2 Silfurmerki .......... 11
11.3 Bronsmerki .......... 13
**12.0 Heiðursmerki, íþróttamenn Keflavíkur, starfsbikar og starfsmerki UMFÍ.** .......... 15
12.1 Gullheiðursmerki .......... 15

12.1 Gullheiðursmerki frh. ........ 15
12.2 Silfurheiðursmerki ........ 16
12.3 Íþróttamenn Keflavíkur 1995 – 2012 ........ 17
12.4 Íþróttakarl- og kona Keflavíkur 2013 - 2021 ........ 17
13.5 Starfsbikar Keflavíkur ........ 17
12.6 Gullmerki UMFÍ ........ 18
12.7 Starfsmerki UMFÍ ........ 18
**13.0 Ársreikningur Keflavíkur íþrótta- og ungmennafélags ........ 19**
13.1 Áritun reikninga ........ 20
13.2 Rekstrarreikningur 2022 ........ 21
13.3 Efnahagsreikningur 31. desember 2022 ........ 22
13.4 Sundurliðanir með ársreikningi 2022 ........ 23
13.4 Sundurliðanir með ársreikningi 2022 frh. ........ 24
13.5 Endurmats- og fyrningaskýrsla eigna 2022. ........ 25
13.6 Samstæðureikningur félagsins 2022. ........ 26
13.7 Skýringar með ársreikningi ........ 27
13.8 Fjárhagsáætlun 2023 ........ 28

Aðalfundur 15. febrúar 2023 haldinn í
félagsheimili Keflavíkur Sunnubraut 34
kl. 19:00

**Dagskrá**

**1.** Fundarsetning.
**2.** **a)** Kosinn fundarstjóri.
**b)** Kosinn fundarritari.
**3.** Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
**4.** Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
**5.** **a)** Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar.
**b)** Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
**6.** Ávörp gesta.
**7.** Lagðir fram reikningar fastra nefnda til samþykktar.
**8.** Lagabreytingar sbr. 7. gr. og 10. gr.

Viðurkenningar

**9.** Kaffi hlé.
**10.** Kosinn formaður til eins árs.
**11.** Kosnir 2 menn í stjórn til tveggja ára.
**12.** Kosnir 3 menn í varastjórn til eins árs.
**13.** Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
**14.** Kosning fastra nefnda er aðalfundur ákveður.
**15.** Ákveðið félagsgjald.
**16.** Önnur mál.
**17**. Fundarslit.

**1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2022-2023**

## 1.1 Aðalstjórn, verkaskipting

| | |
|---|---|
| Einar Haraldsson | formaður |
| Kári Gunnlaugsson | varaformaður |
| Garðar Newman | gjaldkeri |
| Eva Björk Sveinsdóttir | ritari |
| Birgir Már Bragason | meðstjórnandi |
| Jónína Steinunn Helgadóttir | varastjórn |
| Sveinbjörg Sigurðardóttir | varastjórn |
| Björg Hafsteinsdóttir | varastjórn |



**2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar**

## 2.1 Ritnefnd

Framkvæmdarstjóri og íþróttastjóri félagsins sáu um útgáfumálin.

Markmið: Miðla upplýsingum um félagið og útgáfu á jólablaði félagsins.

## 2.2 Laganefnd

Aðalstjórn Keflavíkur.

Markmið: Viðhalda lögum félagsins.

## 2.3 Húsnefnd

Einar Haraldsson, Hjördís Baldursdóttir.

Markmið: Huga að félagsheimili Keflavíkur.

## 2.4 Umhverfisnefnd

Einar Haraldsson.

Markmið: Deildir taka til í nærumhverfi sínu. Erum stolt að umhverfi okkar þar sem við stundum okkar æfingar og keppni.

## 2.5 Innra starf félagsins

Aðalstjórn Keflavíkur.

Markmið: Efla innra starf félagsins og kynna starfið fyrir bæjarstjórn Reykjanesbæjar og óska eftir stöðugildi til félagsins.

**3.0 Störf aðalstjórnar**

## 3.1 Frá síðasta aðalfundi


**Starfsbikar Keflavíkur**
Þorgerður Halldórsdóttir og
Einar Haraldsson formaður Keflavíkur

Formaður var sjálfkjörinn. Eva Björk Sveinsdóttir og Garðar Newman voru kosnir til tveggja ár. Sveinbjörg Sigurðardóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir og Björg Hafsteinsdóttir voru kosnar í varastjórn. Stjórnin skipti með sér verkum eins og sjá má hér að framan.

**Starfsbikar félagsins var veittur:** Þorgerði Halldórsdóttur.
**Starfsmerki UMFÍ var veitt þeim:** Elísabet Lovísa Björnsdóttir, Kristín Blöndal, Sigurður Markús Grétarsson, Sigurgeir R. Jóhannsson og Jónasi Andréssyni.

## 3.2 Stjórnarfundir


**Starfsmerki UMFI**
Sigurður Markús Grétarsson, Kristín Blöndal, Elísabet Lovísa Björnsdóttir og Guðmundur Sigurbergsson gjaldkeri UMFÍ

Alls hélt stjórnin 19 bókaða fundi á starfsárinu auk ýmis annarra funda með deildum og ráðum. Stjórnarmenn sátu ýmsa vinnufundi í tengslum við ýmis verkefni. Fastur fundartími aðalstjórnar hefur verið annan hvern þriðjudag frá kl. 18:00-19:30. Varamenn hafa tekið þátt í störfum aðalstjórnar og ákvarðanatöku. Stjórnarfundir eru opnir deildum félagsins og hefur stjórnin hvatt forystumenn deilda til þess að nýta sér að flytja mál sín í upphafi stjórnarfunda. Umræður hafa verið málefnalegar og líflegar á stjórnarfundum og starfsandi góður.

## 3.3 Af störfum aðalstjórnar

Samstarfssamningur við Reykjanesbæ upp á tæpar þrjátíu milljónir króna var endurnýjaður. Samningur inniheldur styrk í innra starf félagsins, afreksstyrki og til reksturs á íþrótta- og leikjaskóla. Formanna og gjaldkerafundur Keflavíkur var haldinn 7. apríl.
Ársþingi Íþróttabandalags Reykjanesbæjar var haldið 23. júní og var Rúnar Arnars Vífilsson kjörinn nýr formaður og var Hjördís Baldursdóttir einnig kjörin í stjórn.
44. sambandsráðsfundur UMFÍ var haldið á Höfn í Hornafirði 15. október. Einar Haraldsson var fulltrúi Keflavíkur á fundinum.
Í hófi þann 30. desember voru útnefnd Íþróttakarl- og kona Keflavíkur 2022 þau Eva Margrét Falsdóttir sundkona og Hörður Axel Vilhjálmsson körfuknattleiksmaður, einnig voru heiðruð íþróttakarl og -kona hverrar deildar.

## 3.4 Viðurkenningar veittar á aðalfundum deilda

**Gullmerki fyrir fimmtán ára stjórnarsetu:** Falur Helgi Daðason sundeild.

**Silfurmerki fyrir tíu ára stjórnarsetu:** Benedikta S. Benediktsdóttir og Björgvin Magnússon knattspyrnudeild, Guðrún Jóna Árnadóttir blakdeild og Ragnar Franz Pálsson skotdeild

**Bronsmerki fyrir fimm ára stjórnarsetu:** Sigurður Garðarsson og Jóhann Snorri Sigurbergsson knattspyrnudeild, Hjörtur Ingi Hjartarson unglingaráði körfu.

## 3.5 Ábyrgð aðalstjórnar gagnvart deildum félagsins

Rekstur deilda er misjafn og fer eftir umfangi deilda. Deildir hafa lokið sínum aðalfundum og kemur í ljós að reksturinn er frekar þungur. Aðalstjórn vill færa stjórnarmönnum deilda þakklæti sitt fyrir góða stjórnun á deildum félagsins. Aðalstjórn félagsins er ábyrg fyrir skuldum deilda sinna samkvæmt 3. gr. reglugerðar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar.

## 3.6 Útgáfumál



Jólablað Keflavíkur 2022

Jólablaðið kom út í desember og var stjórn félagsins ánægð með útkomuna en blaðið var fjörutíu og fjórar síður. Opnuviðtal var við Benediktu Benediktsdóttur formann kvennaráðs knattspyrnudeildar. Jólablaðið undirstrikar víðtæka starfsemi félagsins. Blaðinu var dreift í öll hús í Reykjanesbæ ásamt því að vera á heimasíðu félagsins. 3. flokkur karla knattspyrnudeildar Keflavíkur sá um dreifingu á blaðinu. Heimasíðan geymir ýmsar upplýsingar um félagið og deildir þess. Hún auðveldar foreldrum og áhugafólki um íþróttir að fylgjast með hvað er að gerast í félaginu. Umsjónarmaður með heimasíðunni er íþróttastjórinn Hjördís Baldursdóttir.
Slóð heimasíðunnar er: http://www.keflavik.is
Rafrænan póst til félagsins er keflavik@keflavik.is Einnig er Keflavík á faecbook.

## 3.7 Íþróttastjóri félagsins


Hjördís Baldursdóttir
íþróttastjóri

Samstarfssamningurinn við Reykjanesbæ er félaginu afar mikilvægur og gerði okkur mögulegt að hafa íþróttastjóra í fullu starfi. Hjördís Baldursdóttir gegnir því embætti.

## 3.8 Framkvæmdarstjóri félagsins

Einar Haraldsson er framkvæmdarstjóri Keflavíkur og hefur gegnt því starfi síðan 1. maí 1999. Deildum félagsins stendur til boða að láta færa bókhaldið og reikna launin á skrifstofu félagsins.

**4.0 Félagsheimili Keflavíkur**



Boðið er upp á sportrásir stöðvar 2 ásamt sjónvarpi símans í félagsheimilinu. Holtaskóli er nú hjá okkur vegna myglu í skólanum. Útlit er fyrir því að þau klári skólaárið hjá okkur. Þau eru að nota sal eitt og sal þrjú auk þess að hafa aðgang að skrifstofu unglingaráðs körfu og einni geymslu. Frumherji legir sal 1 á miðviku- og fimmtudögum undir skriflegt ökupróf. Aðstaða til fundar er mjög góð. Hægt er að bóka sali og fundarherbergi á keflavik.is.

**5.0 Samskiptaráðgjafinn í íþrótta- og æskulýðsstarfi**

Sigurbjörg Sigurpálsdóttir er samskiptaráðgjafi hún er óháður aðili fyrir íþróttahreyfinguna sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplifað einhvers konar ofbeldi, einelti eða telja sig hafa tekið eftir slíku í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Ekki er innheimt gjald af þjónustu samskiptaráðgjafa í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi.
Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir ofbeldi eða einelti í sínu íþrótta- og æskulýðsstarfi eða eru ekki vissir og vilja fá ráðgjöf varðandi slík mál, geta haft samband við Sigurbjörgu í síma 839-9100 eða sent henni tölvupóst á sigurbjorg@dmg.is
Heimasíðan er https://www.samskiptaradgjafi.is/

**6.0 Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ**

FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Keflavík íþrótta- og ungmennafélag varð fyrst allra fjölgreinafélaga til að hljóta viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag. Keflavík er rekið eftir ákveðnum gæðakröfum. Viðurkenningin er veitt til fjögurra ára í senn. Deildir okkar endurnýjuðu handbókina á síðasta ári og fengu viðurkenningu til næstu fjögurra ára.

**7.0 Landsmót UMFÍ**

## 7.1 Íþróttaveisla UMFÍ 2022

UMSK sá um landsmótið sem var með breyttu fyrirkomulag og fékk heitið íþróttaveisla. Voru með þrjá viðburði í þremur sveitarfélögum. Canycross á Seltjarnarnesi sem er hundahlaup, hundurinn dregur einstaklinginn eða bara hlaupið með hundinn. Drullu og hindrunarhlaup fyrir fjölskylduna í Mosfellsbæ og forsetahlaup í Garðabær tvær vegalengdir voru í boði 1 míla eða 5 km. Óvíst hvað verður í ár.

## 7.2 Landsmót UMFÍ 50+ í Borgarnesi 24.-26. Júní 2022

Landsmót 50+ var haldið í Borganesi. Keflavík átti fimm fulltrúa á mótin en þeir kepptu í bride og unnu gullið. Til hamingju dregnir. Mótið í ár fer fram í Stykkishólmi dagana 23. – 25. Júní. Hvetjum sem flesta að fara á mótið.

## 7.3 Unglingalandsmót UMFÍ Selfossi 29 júlí. – 1. ágúst. 2022

Unglingalandsmótið var haldið á Selfossi. Þátttaka frá okkur var ekki góð aðeins 26 keppendur voru skráðir til leiks. Í ár verður unglingalandsmótið haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina. UMSS er mótshaldarinn. Aðalstjórn hvetur deildir félagsins að hvetja iðkendur og foreldra og eða forráðamanna til að fara á mótið. Aðalstjórn greiðir þátttökugjöldin. Þetta er skemmtilegasta útihátíð sem völ er á um verslunarmannahelgi. Allir á unglingalandsmót.



**8.0 Bæjaryfirvöld**

Aðalstjórn hefur átt gott samstarf við bæjaryfirvöld. Bæjarfulltrúum ætti að vera ljóst hversu mikilvæg starfsemi íþróttahreyfingarinnar er í Reykjanesbæ. „*Reykjanesbær Íþróttabær*“ er stefnumörkun sem þarf að endurspegla sameiginlegan vilja íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda. Aðalstjórn leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu á íþróttasvæðinu fyrir aftan Reykjaneshöllina, en þar er komin nýr gervigrasvöllur sem mun bæta aðstöðuna til hins betra. Bæjaryfirvöld endurnýjuðu samstarfssamning við félagið sem gerði okkur kleift að hafa tvo starfsmenn inn á skrifstofu aðalstjórnar annan greiddur af félaginu og hinn greiddur af þjónustuframlagi Reykjanesbæjar. Samstarfssamningur inniheldur einnig þjónustuframlag í afreksstarfið (meistaraflokks starfið í knattspyrnu og körfu). Aðalstjórn þakkar bæjaryfirvöldum fyrir þennan samstarfssamning og er þetta vonandi eitt skref af mörgum sem eftir eiga að koma. Bæjarstjórn setti á laggirnar tvær nefndir til að fara yfir íþróttamálin hvað varðar samninga og einnig varðandi mannvirkin og væntum við að það komi eitthvað gott út úr þessum tveimur nefndum. Orðið styrkur er oftar en ekki notað þegar bæjarfélag leggur til fé til íþróttahreyfingarinnar. Það er ekki réttnefni því að það fé sem bæjarfélag leggur til íþróttafélaganna er í raun þjónustuframlag. Þeir aðilar sem halda út íþróttahreyfingunni eru nánast allir sjálfboðaliðar. Okkur vantar fleiri faglærða stafsmenn inn í starfið til að gera þetta auðveldara fyrir sjálfboðaliðann.
Rannsóknir sýna að fyrir hverja krónu sem sett er í íþróttastarfið þá skilar það þremur krónum til baka fyrir samfélagið, enda eru íþróttir stærsta lýðheilsuverkefni Reykjanesbæjar. Íþrótta- og tómstundaráði og íþrótta- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar er þakkað fyrir góðan skilning á erindum sem send hafa verið inni í ráðið.

**Lokaorð**
Aðalstjórn vill þakka öllum velunnurum félagsins, stjórnarmönnum deilda, ráða, foreldrum og iðkendum fyrir dugnað og fórnfúst starf til eflingar íþróttastarfsins innan Keflavíkur.

Íslandi allt.

*Einar Haraldsson formaður*
*Keflavíkur íþrótta- og ungmennafélags*

**9.0 Íþróttakarl- og kona Keflavíkur og Íslandsmeistarar Keflavíkur 2022**




Eva Margrét Falsdóttir og Hörður Axel Vilhjálmsson

## 9.1 Íþróttakona Keflavíkur 2022




Björg Hafsteinsdóttir og Eva Margrét Falsdóttir

Eva Margrét Falsdóttir keppti með unglingalandsliði SSÍ á Glasgow Open í apríl og á Evrópumeistaramóti unglinga í Rúmeníu í júlí. Hún vann til níu Íslandsmeistaratitla á árinu, fjögurra titla á ÍM 50 og fimm titla á á ÍM 25. Hún varð jafnframt sjöfaldur unglingameistari á ÍM 25. Hún er sá sundmaður ÍRB sem vann til langflestra titla á árinu 2022. Hún var valin til þátttöku á Norðurlandameistaramótinu sem haldið var nú í desember. Í lok árs náði hún lágmörkum inn í unglingalandsliðshóp sem heldur í æfingabúðir til Tyrklands í febrúar.
Náði inn í A-landslið Íslands

## 9.2 Íþróttakarl Keflavíkur 2022

Hörður gegnir mikilvægu hlutverki í A-landsliði karla sem eru komnir í undankeppni fyrir HM 2023!
Hörður þykir ekki aðeins mikilvægur leikmaður á vellinum heldur einnig á bekknum. Hörður rifbeinsbrotnaði í haust og tvísýnt um það hvort hann gæti spilað með en Greg landsliðsþjálfari bað hann sérstaklega um að koma með liðinu út honum til halds og traust bæði fyrir andann í liðinu og sem ráðgjafi í leik. Við gætum verið að horfa á framtíðar landsliðsþjálfara A-landliðs.




Hörður Axel Vilhjálmsson

## 9.3 Íþróttakarl- og kona deilda Keflavíkur 2022



Knattspyrnukarl: Ignacio Heras Anglada Knattspyrnukona: Samantha Leshnak Murphy

Körfuknattleikskarl: Hörður Axel Vilhjálmsson Körfuknattleikskona: Anna Ingunn Svansdóttir

Fimleikakarl: Heiðar Geir Hallsson Fimleikakona: Katrín Hólm Gísladóttir

Sundkarl: Stefán Elías Berman Sundkona: Eva Margrét Falsdóttir

Taekwondokarl: Þorsteinn Helgi Atlason Taekwondokona: Julia Marta Bator

Blakkarl: Davíð Freyr Sveinsson Blakkona: Auður Eva Guðmundsdóttir

Skotkarl: Jóhannes Frank Jóhannesson Skotkona: Birgitta Fanney Bjarnadóttir

## 9.4 Íslandsmeistarar Keflavíkur 2022

## *70 Íslandsmeistarar KEFLAVÍKUR 2022*

**Knattspyrnudeild 30, Fimleikadeild 2, Sunddeild 29, Taekwondo 7, Skotdeild 1og Frjálsar 1**




**10.0 Starfsbikar Keflavíkur 2021**

Að þessu sinni er það Þorgerður Halldórsdóttir sem hlotnast sá heiður að fá starfsbikar Keflavíkur fyrir árið 2021. Gefandi er UMFI.
Hefur unnið mikla sjálfboðaliðavinnu fyrir deildir félagsins og er ávallt boðin og búinn og að koma og leggja félaginu eða deildum hjálparhönd.
Því er það mikill fengur að hafa konu eins og Þorgerði innan okkar raða, en þar á félagið og deildir þess góða konu að.
Einar er mikill Keflvíkingur í sér. Því er það mikill fengur að hafa mann eins og Einar innan okkar raða, en þar á körfuknattleiksdeildin góðan mann að.

**Starfsbikar Keflavíkur**
Þorgerður Halldórsdóttir og
Einar Haraldsson formaður Keflavíkur

**11.0 Starfsmerki.**

## 11.1 Gullmerki

*Gullmerki Keflavíkur er veitt fyrir 15 ára stjórnarsetu.*

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einar Haraldsson | aðalstjórn | Birgir Ingibergsson | aðalstjórn- sund |
| Kári Gunnlaugsson | aðalstjórn | Jónas Þorsteinsson | badmintondeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sigurvin Guðfinnsson | aðalstjórn | | |
| Þórður Magni Kjartansson | aðalstjórn | Árni Pálsson | skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '12**

Guðjón Axelsson — aðalstjórn

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '13**

Bjarney S. Snævarsdóttir — aðalstjórn

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24. febrúar '14**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Birgir Már Bragason | knattsp.- körfuknattleiksdeild | Sveinn Adólfsson | aðalstjórn |
| Dagbjört Ýr Gylfadóttir | badmintondeild | | |

**Veitt á aðalfundi deilda KEFLAVÍKUR '16**

Þorsteinn Magnússon — knattspyrnudeild

**Veitt á aðalfundi deilda KEFLAVÍKUR '17**

Lilja Karlsdóttir — badmintondeild

**Veitt á aðalfundi knattspyrnudeildar KEFLAVÍKUR '18**

Hermann Helgason — knattspyrnudeild

**Veitt á aðalfundi badmintondeildar KEFLAVÍKUR '19**

Kristján Þór Karlsson — badmintondeild

**Veitt á aðalfundi deilda KEFLAVÍKUR '20**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ólafur Birgir Bjarnason | knattspyrnudeild | Barni Sigurðsson | skotdeild |

**Veitt á aðalfundi sunddeildar KEFLAVÍKUR '23**

Falur Helgi Daðason — sunddeild

## 11.2 Silfurmerki

*Silfurmerki Keflavíkur er veitt fyrir 10 ára stjórnarsetu.*

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29. febrúar '04**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einar Haraldsson | aðalstjórn | Birgir Ingibergsson | aðalstjórn- sund |
| Kári Gunnlaugsson | aðalstjórn | Jónas Þorsteinsson | badmintondeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 21. febrúar '05**

Rúnar Arnarson — knattspyrnudeild

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '06**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árni Pálsson | skotdeild | Sigurvin Guðfinnsson | aðalstjórn |
| Sesselja Birgisdóttir | badmintondeild | Þórður M Kjartansson | aðalstjórn |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '07**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þorgrímur St. Árnason | körfuknattleiksdeild | Guðjón Axelsson | aðalstjórn |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Birgir Már Bragason | körfuknattleiksdeild | Bjarney S. Snævarsdóttir | aðalstjórn |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sveinn Adolfsson | aðalstjórn | Grétar Ólason | knattsp.- körfuknattleiksdeild |
| Guðsveinn Ólafur Gestsson | körfuknattleiksdeild | Dagbjört Ýr Gylfadóttir | badmintondeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '10**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lilja Dögg Karsdóttir | badmintondeild | | |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Geir Gunnarsson | skotdeild | Hermann Helgason | körfuknattleiksdeild |
| Þorsteinn Magnússon | knattspyrnudeild | | |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '12**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hjörleifur Stefánsson | knattspyrnudeild | Ólafur Birgir Bjarnason | knattspyrnudeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '13**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jón S. Ólafsson | knattspyrnudeild | Ásgeir S. Vagnsson | skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24. febrúar '14**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einar Helgi Aðalbjörnsson | knattspyrnudeild | Oddur Sæmundsson | knattspyrnudeild |
| Kristján Þór Karlsson | badmintondeild | | |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '15**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Sigurðsson | skotdeild | | |

**Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '16**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ásdís Júlíusdóttir | badmintondeild | Halldóra B. Guðmundsdóttir | fimleikadeild |
| Július Friðriksson | sund- og fimleikadeild | Hjördís Baldursdóttir | knattspyrnudeild |

**Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '17**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Falur Helgi Daðason | sunddeild | | |

**Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '19**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Guðmunda Róbertsdóttir | sunddeild | Stefanía S Kristjánsdóttir | badmintondeild |

**Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '20**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sigurþór Sævarsson | sunddeild | | |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR '20**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eva Björk Sveinsdóttir | fimleikar aðalstjórn | | |

**Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '21**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Guðný Magnúsdóttir | sunddeild | Hilmar Örn Jónasson | sunddeild |
| Jónas Andrésson | skotdeild | | |

**Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '22**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sigurgeir R. Jóhannsson | skotdeild | Sigurður Gréta Grétarsson | körfuknattleiksdeild |
| Kristín Blöndal | körfuknattleiksdeild | Elísabet Lovísa Björnsdóttir | knattspyrnudeild/unglingar |
| Smári Helgason | knattspyrnudeild/unglingar | | |

**Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '23**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Benedikta Benediktsdóttir | knattspyrnudeild | Björgvin Magnússon | knattspyrnudeild |
| Guðrún Jóna Árnadóttir | blakdeild | Ragnar Franz Pálsson | skotdeild |

## 11.3 Bronsmerki

*Bronsmerki Keflavíkur er veitt fyrir 5 ára stjórnarsetu.*

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24.febrúar '99**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einar Haraldsson | aðalstjórn | Viðar Guðjónsson | badmintondeild |
| Kári Gunnlaugsson | aðalstjórn | Jónas Þorsteinsson | badmintondeild |
| Birgir Ingibergsson | aðalstjórn | Þorsteinn Þorsteinsson | badmintondeild |
| Sigurvin Guðfinnsson | aðalstjórn | Guðmundur Þórðarson | Knattspyrnudeild |
| Hildur Kristjánsdóttir | aðalstjórn | Karítas Sigurvinsdóttir | fimleikadeild |
| Erla Sveinsdóttir | körfuknattleiksdeild | | |
| Jóhanna Kr. Guðbjartsdóttir | körfuknattleiksdeild | | |
| Gunnar H. Jóhannsson | badmintondeild | | |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29.febrúar '00**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rúnar Arnarson | knattspyrnudeild | Guðmundur Brói Sigurðsson | íþróttir fyrir alla |
| Páll Guðmundsson | skotdeild | Bryndís Skúladóttir | fimleikadeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27.febrúar '01**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þórður Magni Kjartansson | aðalstjórn | Ingiber Óskarsson | keiludeild |
| Grétar Ólason | knattspyrnudeild | Ólafur Örn Ingibergsson | fimleikadeild |
| Þorgrímur St. Árnason | körfuknattleiksdeild | Ólöf Sveinsdóttir | fimleikadeild |
| Árni Pálsson | skotdeild | Guðmundur Sighvatsson | knattspyrnudeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 18.febrúar '02**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Birgir Þór Runólfsson | knattspyrnudeild | Sigurbjörg Guðmundsdóttir | fimleikadeild |
| Jón B. Olsen | knattspyrnudeild | Sesselja Birgisdóttir | badmintondeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25.febrúar '03**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Guðjón Axelsson | aðalstjórn | Bjarney S. Snævarsdóttir | sunddeild |
| Þorsteinn Magnússon | knattspyrnudeild | Halldór Þórólfsson | sunddeild |
| Birgir Már Bragason | körfuknattleiksdeild | Jón Ingiberg Kristjánsson | badmintondeild |
| Guðrún Sigurðardóttir | fimleikadeild | Guðni Pálsson | skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29.febrúar '04**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sveinn Adolfsson | aðalstjórn | Heimir Sigursveinsson | sunddeild |
| Guðsveinn Ólafur Gestsson | körfuknattleiksdeild | Dagbjört Ýr Gylfadóttir | badmintondeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 21. febrúar '05**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Erlingur Hannesson | Knattspyrnudeild | Lilja Karlsdóttir | badmintondeild |
| Hrannar Hólm | körfuknattleiksdeild | Rúnar Georgsson | körfuknattleiksdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '06**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einar Skaftason | körfuknattleiksdeild | Níels Hermannsson | sunddeild |
| Gunnar Jóhannsson | körfuknattleiksdeild | Árni Leifsson | Skotdeild |
| Hermann Helgason | körfuknattleiksdeild | Geir Gunnarsson | Skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '07**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Elín Kjartansdóttir | sunddeild | Ólafur Birgir Bjarnason | knattspyrnudeild |
| Klemenz Sæmundsson | sunddeild | Halldór Leví Björnsson | knattspyrnudeild |
| Sigríður Björnsdóttir | sunddeild | Hjörleifur Stefánsson | knattspyrnudeild |
| | | Þorsteinn Marteinsson | skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jón S. Ólafsson | körfu-knattspyrnudeild | Jónína S. Helgadóttir | fimleikadeild |
| Særún Guðjónsdóttir | körfuknattleiksdeild | Ásgeir Svan | skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Oddur Sæmundsson | knattspyrnudeild | Guðmundur Jón Bjarnason | sunddeild |
| Einar H. Aðalbjörnsson | sund-knattspyrnudeild | Ingunn Gunnlaugsdóttir | badmintondeild |
| Eva Björk Sveinsdóttir | fimleikadeild | Kristján Þór Karlsson | badmintondeild |
| Herdís Halldórsdóttir | fimleikadeild | Eiríkur Ásgeirsson | skotdeild |
| Sveinbjörg Sigurðardóttir | fimleikadeild | Þóra Gunnarsdóttir | taekwondodeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '10**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rannveig Ævarsdóttir | taekwondodeild | Júlíus Friðriksson | sunddeild |
| Sigrún Ómarsdóttir | taekwondodeild | Bjarni Sigurðsson | skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ásdís Júlíusdóttir | badmintondeild | Helga H. Snorradóttir | fimleikadeild |
| Halldóra B. Guðmundsdóttir | fimleikadeild | Hjördís Baldursdóttir | knattspyrnudeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '12**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ágúst Pedersen | knattspyrnudeild | Sigurbjörg Róbertsdóttir | sunddeild |
| Kjartan Steinarsson | knattspyrnudeild | Ingvar Gissurarson | skotdeild |
| | | Örn Garðarsson | taekwondodeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '13**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Birna Petrína Sigurgeirsdóttir | badmintondeild | Falur Helgi Daðason | sunddeild |
| Jens Magnússon | skotdeild | | |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24. febrúar '14**

Stefanía S Kristjánsdóttir badmintondeild — Andrés Þórarinn Eyjólfsson fimleikadeild

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '15**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Matthías Magnússon | knattspyrnudeild | Guðmunda Róbertsdóttir | sunddeild |
| Stefán Már Jónsson | badmintondeild | Sigþór Sævarsson | sunddeild |
| Sævar Sævarsson | körfuknattleiksdeild | | |

**Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '16**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mikael Þór Halldórsson | taekwondodeild | Hilmar Örn Jónasson | sunddeild |
| Gunnlaugur Kárason | fimleikadeild | Jónas Andrésson | skotdeild |
| Margeir Einar Margeirsson | körfuknattleiksdeild | | |
| Guðný Magnúsdóttir | sunddeild | | |

**Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '17**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dagbjört Þórey Ævarsdóttir | knattspyrnudeild/unglingar | Anna Pála Magnúsdóttir | körfuknattleiksdeild/mfl.kv. |
| Elísabet Lovísa Björnsdóttir | knattspyrnudeild/unglingar | Anna María Sveinsdóttir | körfuknattleiksdeild/mfl.kv. |
| Ómar Ingimarsson | knattspyrnudeild/unglingar | Björg Hafsteinsdóttir | körfuknattleiksdeild/mfl.kv. |
| Smári Helgason | knattspyrnudeild/unglingar | Erla Reynisdóttir | körfuknattleiksdeild/mfl.kv. |
| Sigurður Markús Grétarsson | körfuknattleiksdeild | Kristín Blöndal | körfuknattleiksdeild/mfl.kv. |
| Unnar Sveinn Stefánsson | knattspyrnudeild/unglingar | Marín Rós Karlsdóttir | körfuknattleiksdeild/mfl.kv. |
| Jón Ben Einarsson | körfuknattleiksdeild/ungl. | Ásta Bjarnadóttir | Taekwondodeild |
| Kristján Geirsson | körfuknattleiksdeild/ungl. | Eðvarð Þór Loftsson | Taekwondodeild |
| Sigurgeir R Jóhannsson | skotdeild | | |

**Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '18**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Benedikta Benediktsdóttir | knattspyrnudeild/mfl.kv. | Hrefna Höskuldsdóttir | knattspyrnudeild/mfl.kv. |
| Sigríður Þórhalla Þorleifsdóttir | knattspyrnudeild/mfl.kv. | Sveinn Ingi Þórsson | knattspyrnudeild/mfl.kv. |
| Elínborg Herbertsdóttir | körfuknattleiksdeild/ungl. | Björgvin Magnússon | knattspyrnudeild/mfl.kv. |
| Þorgerður Magnúsdóttir | knattspyrnudeild/mfl.kv. | Guðrún Hrafnkelsdóttir | fimleikadeild |
| Freyja Másdóttir | blakdeild | Ragnar Franz Pálsson | skotdeild |

**Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '19**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Svandís Þorsteinsdóttir | blakdeild | Linda Hlín Heiðarsdóttir | fimleikadeild |
| Þóra Guðrún Einarsdóttir | fimleikadeild | Baldur Kristmundsson | skotdeild |
| Börkur Þórðarson | skotdeild | Dúi Sigurðsson | skotdeild |
| Davíð Óskarsson | körfuknattleiksdeild | Lúðvík Rúnarsson | körfuknattleiksd./unglinga |
| Hákon Hákonarson | knattspyrnudeild/unglingar | Ragnhildur Ingólfsdóttir | knattspyrnudeil/unglingar |
| Jón G Benediktsson | knattspyrnudeild | | |

**Veitt á aðalfundum deilda KEFLAVÍKUR '20**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ágúst Páll Árnasson | knattspyrnudeild/ungl | Ingvi Hákonarson | körfuknattleiksdeild |
